

Nd. **464. Nefndarálit** [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Í 1. gr. gildandi laga um heimilishjálp í viðlögum er kveðið svo á, að sveitarstjórnnum og sýslunefndum skuli heimilt að setja á fót heimilishjálp, er veiti aðstoð um stundarsakir þeim heimilum, sem eigi í erfiðleikum vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

Frumvarpið er einungis um það, að við 1. gr. laganna sé bætt heimild til þess að starfrækja einnig heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar verði ákveðið í reglugerð, og mælir nefndin einróma með þessari breytingu.

Alþingi, 26. marz 1963.

Gísli Jónsson, Birgir Finnsson, Guðl. Gíslason.
form. fundaskr., frsm.
Jón Skaftason. Hannibal Valdimarsson.